

1. fundur samstarfsnefndar Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar

Haldinn þann 14. desember kl.16.15 í Félagsheimilinu Skildi.

Fundinn sátu:

- Guðlaug Sigurðardóttir, Helgafellssveit
- Guðmundur H. Hjartarson, Helgafellssveit
- Guðrún Reynisdóttir, Helgafellssveit
- Haukur Garðarsson, Stykkishólmsbæ
- Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, Stykkishólmsbæ
- Jakob Björgvin Jakobsson, Stykkishólmsbæ
- Karín Rut Bæringsdóttir, Helgafellssveit
- Lárus Hannesson, Stykkishólmsbæ
- Sif Matthíasdóttir, Helgafellssveit
- Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir, Stykkishólmsbæ

Róbert Ragnarsson frá RR ráðgjöf, sem ritaði fundargerð.

1. Nefndin skiptir með sér verkum

Lagt til að Jakob Björgvin verði formaður samstarfsnefndarinnar og var tillagan samþykkt samhljóða.

2. Ákvörðun um ráðningu verkefnisstjóra og ráðgjafa

Ákveðið að ganga til samninga við RR ráðgjöf ehf.

3. Verkhættir og tímalína verkefnis

RR fór yfir tillögu að fyrirkomulagi verkefnisins og tillögu að tímalínu sem miðar við kjördag í lok mars 2022. Miðað er við að samstarfsnefndin skili álitni sínu í lok janúar.

Ákveðið að næstu skref verði að eiga samráð við íbúa og hefja vinnu við stöðugreiningu.

4. Umsókn um framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga

RR fór yfir kostnaðaráætlun verkefnisins. Búið að óska eftir framlagi frá Jöfnunarsjóði að fjárhæð 15,5 mkr. sem var samþykkt.

5. Íbúasamráð

Ákveðið að halda samráðsfund í félagsheimilinu Skildi í Helgafellssveit föstudaginn 17. desember kl. 17. Í Stykkishólmsbæ verði haldinn rafrænn samráðsfundur þriðjudaginn 21. desember kl. 17.

6. Gagnaöflun

Oddvita Helgafellssveitar og bæjarstjóra Stykkishólmsbæjar falið að veita ráðgjafa aðgang að nauðsynlegum gögnum fyrir stöðugreiningu. Farið yfir þá málaflokka sem nefndin hyggst skoða sérstaklega og það starfsfólk sem leitað verður samráðs við.

Ráðgjöfum falið að fara sérstaklega yfir gjaldskrármál og skattheimtu. Bera saman og leggja mat á hvaða breytingar eru líklegar.

Ákveðið að taka saman yfirlit yfir eignir Helgafellssveitar, svo sem félagsheimili og félagsheimili um ljósleiðara.

Nauðsynlegt er að ræða Helgafellsálm, skólaakstur og aðstöðu fyrir nemendur úr Helgafellssveit eftir að skólastarfi lýkur.

Nauðsynlegt er að ræða fyrirkomulag og verkefni sérstakrar nefndar sem fjalli um málefni landbúnaðar, dreifbýlis, félagsheimilisins og annarra sérstakra hagsmunamála íbúa í Helgafellssveit. Nokkurskonar „sveitaráð“. Umræða um að aðili úr því ráði fái aðild að stærri stefnumótunarverkefnum, svo sem sameiningarviðræðum í framtíðinni.

Að mati nefndarinnar liggja sameiginlegir hagsmunir íbúa í Helgafellssveit og Stykkishólmsbæ við uppbyggingu skólamannvirkja, íþróttamannvirkja, hjúkrunarrými, þjónustuíbúða og aukinni þjónustu við eldri borgara.

7. Sameiginlegir hagsmunir og samskipti við Alþingi og ríki

Ákveðið að á næsta fundi verði fjallað um sameiginleg hagsmunamál og þeim forgangsraðað. Svo sem samgöngumál, heilbrigðismál og raforkumál.

8. Kynningarmál

Ákveðið að setja upp heimasíðu fyrir verkefnið. Helgafellssveit á lénið helgafellssveit.is og var ákveðið að nýta það fyrir verkefnið. Umræða um útgáfu kynningarefnis. Formanni falið að ræða við heimaaðila um samstarf við það verkefni.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 18:50.

Næsti fundur nefndarinnar verður þriðjudaginn 28. desember kl. 10 í fjarfundi.